



Október 2022

HVATARBLAÐIÐ

Kæru íbúar,

Þá er haustið runnið upp með sínum fögru haustkvöldum og tilheyrandi rútínu.

Það er alltaf svolítið sérstök tilfinning hjá mér að upplifa sólina allan ársins hring því þannig er það ekki fyrir vestan. Ég kann reyndar virkilega vel að meta sólarljósið svo ekki er yfir neinu að kvarta.

Það er helst að fréttu úr starfinu að nefndir sveitarfélagsins eru að mestu komnar á fullt skrið og erum við heppin með valinn mann í hverju rúmi eins og sagt er og er ég fullviss um að það sé öflugt starf framundan.

Frá því ég tók til starfa hefur mér verið ljóst að það er margt framundan í sveitarfélaginu og erum við á leið inn í mikið uppbyggingartímabil. Sem dæmi má nefna þá var á dögnum undirritaður verksamningur um hönnun á viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á

Borg en Verkfræðistofan Efla átti eina tilboðið í verkið og var því tekið. Einnig staðfestum við tilboð frá Verkís í gerð deiliskipulags fyrir nýja íbúðabyggð á Borg og var samningur undirritaður á dögnum.

Við fengum svo boð í að koma í heimsókn til höfuðstöðva Íslenska Gámafélagsins sem þjónustar sveitarfélagið í sorphirðu og fengum þar kynningu á starfsemi.

Framundan er ýmislegt spennandi, vinna við fjárhagsáætlun er að fara af stað og ýmis önnur verkefni.

Kveðja, lða Marsibil



Sveitarstjórn 531. fundur 07. september 2022
kl. 09:00 - 10:30 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur
- lða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði lða Marsibil Jónsdóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 1. fundar framkvæmda- og veitunefndar, 29. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 244. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 24. ágúst 2022.

Mál nr. 9, 10, 11 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 244. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 24. ágúst 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: Giljatunga 34 L213513; Ásgarðsland; Deiliskipulagsbreyting – 2208034.

Lögð er fram umsókn frá Jóhanni Þór Rúnarssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Giljatungu 34 L213513 í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að heimilað verði að byggja 40 fm aukahús á lóð í stað 25 fm.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagi svæðisins og mælist til þess að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði auglýst. Málið verði jafnframt kynnt sérstaklega fyrir frístundahúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 10. Villingavatn lóð L170974; Villingavatn L170831; Stækkun lóðar – 2207034.

Lögð er fram umsókn frá Ivon Stefán Cilia er varðar breytta skráningu lóðar Villingavatns lóð L170974. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar úr 2.567 fm í 5.294 fm. Stækkunin kemur úr jörðinni Villingavatn L170831. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið.

Mál nr. 11. Skógarbrekkur L233752; Framkvæmdarleyfi; Skógrækt – 2207023.

Lögð er fram umsókn frá Hannesi Lentz er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna skógræktar á landi Skógarbrekkna L233752. Fyrirhuguð skógrækt tekur til um 90 ha landsvæðis. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og mælist til þess að útgáfa leyfisins verði kynnt landeigendum aðliggjandi jarða og í 2 km rás frá fyrirhuguðu svæði.

Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-168 – 2208001F.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. ágúst 2022.

c) Fundargerð 4. fundar seyrustjórnar, 16. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. – NOS 29. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð aukaaðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. 29. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 202. fundar Tónlistarskóla Árnesinga, 16. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 24. fundar Brunavarna Árnassýslu, 16. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 1. fundar Brunavarna Árnassýslu kjörtímabilið 2022-2026, 18. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 585. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 15. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 220. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 26. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 912. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Björk 1. L211337; Færsla vegtengingar; Framkvæmdaleyfi - 2206004.

Sveitarstjórn hefur borist erindi þar sem gerð er athugasemd við bókun sveitarstjórnar þann 15. júní 2022 um eftirfarandi mál; Björk 1 L211337; Færsla vegtengingar; Framkvæmdarleyfi – 2206004.

Erindið kemur frá eigendum Bjarkar II, Ingibjörgu Harðardóttur og Birni Snorrasyni, dagsett 1. september 2022, þar sem gerð er athugasemd við orðalag bókunarinnar með tilliti til misræmis.

Með vísan til 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga leiðréttir sveitarstjórn hér með bókun sína þannig að norður breytist í suður og hljómar bókunin eftir breytingu í heild sinni svo:

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshrepp er varðar framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst færsla á vegtengingu að vatnsbóli. Núverandi vegtenging verður fjarlægð ásamt ristarhliði og ný 4 metra breið vegtenging sett suður á Bjarkarvegi og sett ristarhlið. Ný tenging nær að núverandi vatnsveituvegi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags.

Hlutaðeigandi verður sent endurrit af leiðréttri ákvörðun.

3. Tilboð í deiliskipulagsgerð á nýrri íbúðabyggð eftir verðkönnun.

Fyrir liggur minnisblað frá Ragnari Guðmundssyni umsjónarmanni framkvæmda og veitna, dagsett 1. september 2022, þar sem farið er yfir tilboð sem bárust í kjölfar verðkönnunar í deiliskipulag fyrir nýja íbúðabyggð á Borg. Verðkönnunin var send á Eflu, Landhönnun, Landform, Verkís og Mannvit. Tilboð Eflu hljóðaði upp á 3.510.000 kr., tilboð Landhönnun hljóðaði upp á 5.600.000 kr., tilboð Verkís hljóðaði upp á 3.488.400 kr. og tilboð Mannvits hljóðaði upp á 3.614.032 kr. Ekki barst tilboð frá Landform. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægsta tilboði, frá Verkís. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn. Jafnframt er samþykkt að Ása Valdís Árnadóttir oddviti og Björn Kristinn Pálmarsson sitji í vinnuhópi um deiliskipulagið ásamt Ragnari Guðmundssyni umsjónarmanni framkvæmda og veitna.

4. Kauptilboð í Klausturhólar C-gata 4a.

Fyrir liggur kauptilboð í sumarhúsalóð sveitarfélagsins við Klausturhóla C- götu 4a að fjárhæð 2.290.000,- kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi kauptilboð gegn staðgreiðslu. Sveitarstjóra falið að undirrita kaupsamning.

5. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

6. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls, staða talmeinafræðings.

Fyrir liggur bréf frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls með upplýsingum er varða ráðningar á talmeinafræðingi til byggðasamlagsins.

Lagt fram til kynningar.

7. Erindisbréf starfshóps um hringrásarhagkerfið.

Fyrir liggja drög að erindisbréfi fyrir nýjan starfshóp á vegum sveitarfélagsins um hringrásarhagkerfið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi erindisbréf.

8. Atvinnumálastefna, minnisblað frá Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa.

Lagt er fram minnisblað frá Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa Uppsveita, varðandi atvinnumálastefnu þriggja sveitarfélaga í Uppsveitum Árneshvíls, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps. Frá því að minnisblaðið var sent hefur Skeiða- og Gnúpverjahreppur bæst í hópinn.

Lagt fram til kynningar.

9. Skipan kjörinna fulltrúa í millipinganefndir fyrir ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni, dagsettur 23. ágúst 2022, þar sem tilkynnt er að stjórn samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur ákveðið að hafa millipinganefndir að störfum fyrir komandi ársþing samtakanna á Hótel Höfn 27.-28. október nk. Jafnframt er óskað eftir að sveitarfélög skipi fulltrúa í millipinganefndirnar.

Skipan kjörinna fulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps í millipinganefndir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga er eftirfarandi: Ása Valdís Árnadóttir, allsherjarnefnd, Björn Kristinn Pálmarsson, umhverfis- og skipulagsnefnd, Smári Bergmann Kolbeinsson, fjárhagsnefnd, Dagný Davíðsdóttir, velferðarnefnd, Ragnheiður Eggertsdóttir, atvinnumálanefnd og Lða Marsibil Jónsdóttir í mennta- og menningarmálanefnd.

10. 75 ára afmælistíðing RARIK.

Lagt fram til kynningar.

11. Aðalfundur Rangárbakka, þjóðaleikvangs íslenska hestsins ehf. 2021

Lagt er fram fundarboð á aðalfund Rangárbakka, þjóðaleikvangs íslenska hestsins ehf ásamt ósk um tilnefningu fulltrúa til setu á fundinum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ragnheiður Eggertsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og felur sveitarstjóra að tilkynna þátttöku.

12. Starfshópur á vegum umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

Lagt fram til kynningar.

13. Samband íslenskra sveitarfélaga, áherslur um vindorkunýtingu.

Lagt fram til kynningar.

14. Bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga um samræmda móttöku flóttafólks.

Lagt fram til kynningar.

15. Samband íslenskra sveitarfélaga, forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026.

Lagt fram til kynningar.

16. Bókun byggðaráðs Skagafjarðar um málefni fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir bókun byggðaráðs Skagafjarðar frá 10. fundi ráðsins sem haldinn var 24. ágúst 2022, þar sem miklum áhyggjum er lýst af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Með tilfærslu málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 var sveitarfélögum falin mikil ábyrgð. Áskoranir í þjónustunni urðu enn stærri með lagabreytingum árið 2018.

17. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Rammasamningur um aukið íbúðaframboð 2023-2032.

Lagt fram til kynningar.

18. Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu.

Fyrir liggja drög að samningi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu, erindisbréf valnefndar og viðauki við samning vegna stofnunar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu. Samkvæmt innleiðingu á breytingum á barnaverndarlögum skulu öll sveitarfélög hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í umdæmisráði barnaverndar á landsvísu og felur sveitarstjóra/oddvita að koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins við undirbúning og gerð samnings sem enn er ekki fullmótaður.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:30.



Sveitarstjórn 532. fundur 21. september 2022
kl. 09:00 - 12:10 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðna Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðna Marsibil Jónsdóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

a) Fundartími sveitarstjórnar

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 245. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 14. september 2022.

Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21 og 28 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 245. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 14. september 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: Markalækur L192476; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2112047.

Lögð fram breyting á deiliskipulagi sem tekur til Markarlækjar L192476. Framlögð breyting hefur þegar tekið gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna málsmeðferðar auk ábendinga vegna tillögunnar voru lagðar fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn telur að framlögð athugasemd Skipulagsstofnunar hafi ekki áhrif á fyrri afgreiðslu málsins og að brugðist hafi verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og að fyrri breyting vegna málsins falli úr gildi.

Mál nr. 18: Álfaskeið L233749; Skógrækt; Framkvæmdaleyfi – 2208056.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Skógálfum ehf. Í leyfisumsókninni felst að sótt er um skógrækt á 141,5 ha landi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins falið að annast samskipti við umsækjanda vegna málsins.

Mál nr. 19: Ytrihið 2 L216412; Veglagning; Framkvæmdaleyfi – 2208066.

Lögð er fram umsókn frá Meltuvinnslunni ehf. er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Í framkvæmdinni felst lagning vega á grundvelli gildandi deiliskipulags fyrir sumarhúsasvæðið að Björk I. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda gildandi deiliskipulags.

Mál nr. 20: Vaðnes; Nesvegur 1-8; Deiliskipulagsbreyting – 2203024.

Lögð er fram að nýju deiliskipulagsbreyting sem tekur til Nesvegur 1-8 í landi Vaðness eftir auglýsingu. Í breytingunni felast breyttir deiliskipulagsskilmálar innan svæðisins auk þess sem kvaðir eru settar á lágmarks hæðarkóta vegna flóðahættu. Umsögn barst vegna málsins og er hún lögð fram við afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: Kerhraun svæði A, B og C; Frístundabyggð; Endurskoðað deiliskipulag – 2201063.

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags sem tekur til Kerhrauns, svæðis A, B og C eftir auglýsingu. Gildandi deiliskipulag fyrir Kerhraun var staðfest 17. nóvember 1999. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á deiliskipulaginu síðan það tók gildi. Tillagan er sett fram sem nýtt deiliskipulag og tekur til allra þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi svæðisins. Með gildistöku þessa deiliskipulags falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags. Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að uppfæra eldra skipulag í samræmi við núgildandi lög og skilgreina helstu bygginga- og framkvæmdaskilmála innan svæðisins með skýrum hætti. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt tillögu að uppfærðum skilmálum deiliskipulags. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 6.7.2022 og fól skipulagsfulltrúa að annast samskipti við málssaðila vegna umsagna sem bárust vegna málsins. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 28: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22 – 169 – 2208003F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá fundi nr. 22-169 lagðar fram til kynningar.

b) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 31. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs., 30. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 42. fundar stjórnar Bergrisans bs., 23. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 1. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 1. september 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 2. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 13. september 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 19. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurlandis, 31. ágúst 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 586. fundar stjórnar SASS, 2. september 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Ályktun vegna betri vinnutíma í dagvinnu hjá kennurum Kerhólsskóla.

Lögð fram að nýju tillaga kennara hjá Kerhólsskóla dagsett 31. maí 2022, um betri vinnutíma í dagvinnu kennara ásamt tillögu vegna vinnutímastyttingu.

Tillagan er eftirfarandi:

„Í kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 10. mars 2022 er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnutíma sem nemur 13 mínútum á dag miðað við 40 stunda vinnuviku að jafnaði yfir árið. Samkomulag um útfærslu vinnutíma gildir fyrir skólaárið 2022 til 2023 eða frá 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023.

Viðræður um breytt skipulag áttu að fara fram í hverjum skóla fyrir sig. Í maímánuði áttu grunnskólakennarar í Kerhólsskóla samtal um tillögur að útfærslu styttingar en komust ekki að niðurstöðu sem ekki felur í sér „breytingar á launum eða launakostaði sveitarfélaga s.s. vegna fjölgunar starfsmanna, afleysinga eða yfirvinnu“ né „viðbótarvinnu fyrir kennara eða að starfsemi skólans raskist.“

Grunnskólakennarar Kerhólsskóla vilja leggja til eftirfarandi útfærslu:

Minnkun á kennsluskyldu grunnskólakennara um 1 kennslustund á viku. Kennsluskylda fer úr 26 kennslustundum í stundatöflu í 25 kennslustundir. Hver kennslustund er 40 mínútur og undirbúningur vegna hennar eru 26 mínútur = 66 mínútur.“

Fram kemur í fylgiskjali 2 við kjarasamning milli Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga að forsenda breytinganna sem felast í vinnutímastyttingu er að starfsemi skóla/vinnustaðar raskist ekki og að skólastarf sé af sömu eða betri gæðum en áður. Stytting vinnutíma með skerðingu á kennslu er óheimil og gengur gegn kjarasamningi.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða tillögu kennara og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og ræða við kennara um útfærslu á styttingu vinnutíma.

3. Fyrirspurn frá Kvenfélagi Grímsneshrepps varðandi ársþing Sambands sunnlenskra kvenna 2023.

Fyrir liggur fyrirspurn frá Rögnu Björnsdóttur fyrir hönd Kvenfélags Grímsneshrepps dagsett 13. september, varðandi beiðni frá Sambandi sunnlenskra kvenna til Kvenfélagsins um að halda 95. Ársfund SSK (Samband sunnlenskra kvenna) í apríl 2023.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar fyrirbyggjandi beiðni inn í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra að vinna að málinu ásamt Rögnu Björnsdóttur formanni Kvenfélagsins.

4. Erindi frá Ingibjörgu Harðardóttur og Birni Snorrasyni, Björk II.

Fyrir liggur erindi frá Ingibjörgu Harðardóttur og Birni Snorrasyni, dagsett 11. september 2022 þar sem farið er fram á niðurfellingu á fjallskilum vegna þess að jörðin Björk II er afgirt og að allt sauðfé jarðarinnar er innan girðingar.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða þar sem ekki liggja fyrir viðmiðunarreglur um heimildarákvæði um niðurfellingu fjallskila. Jafnframt felur sveitarstjórn fjallskilaneftnd að fjalla um hvort ástæða sé til að vinna viðmiðunarreglur um niðurfellingu fjallskila, þannig að gætt sé að jafnræði og samræmingu í allri meðferð á slíkum erindum.

5. Erindi frá Örugg búseta – íbúasamtök fólks með búsetu í frístundahúsum Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur erindi frá Heiðu Björk Sturludóttur, fyrir hönd íbúasamtakanna Örugg búseta, dagsett 12. september 2022. Í erindinu kemur fram ósk samtakanna um að sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps stofni samráðshóp til að vinna að hagsmunamálum íbúa í heilsárshúsum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn frestar samhljóða afgreiðslu málsins.

6. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2022-2023.

Fyrir liggur beiðni frá Reykjavíkurborg um áframhaldandi námsvist tveggja nemenda í Kerhólsskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina samhljóða og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

7. Tilkynning um kæru 105/2022 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 105/2022 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að breyta deiliskipulagi er tekur til lóðarmarka og legu byggingarreits lóðar 8, L168251 innan frístundabyggðar í landi Hests.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa að svara kærinni.

8. Erindi frá Innviðaráðuneytinu.

Fyrir liggur erindi frá Innviðaráðuneytinu dagsett 7. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um framkomna kvörtun frá Björgvini Njáli Ingólfssyni, dagsett 1. október 2021, vegna gjaldskrár sveitarfélagsins fyrir sundlaug og íþróttamiðstöðina að Borg í Grímsnesi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

9. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ÚUA í máli nr. 29/2022, deiliskipulag Borgar í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. febrúar 2022 um að samþykkja deiliskipulag Borgar í Grímsnesi.

Niðurstaða nefndarinnar var að kröfu kæranda var hafnað.

Lagt fram til kynningar.

10. Erindi frá Árna Benedikt Árnasyni og Brynju Guðmundsdóttur vegna snjó/krapaflóðs.

Fyrir liggur bréf frá Árna Benedikt Árnasyni og Brynju Guðmundsdóttur, dagsett 22. júlí 2022, vegna snjó- og krapaflóðs sem varð aðfararnótt 6. mars 2022 vestan til í Búrfelli ofan við sumarhúsabyggð Syðri-Brúar. Leggja bréfitarar til að fram fari hættumat á svæðinu og leitað verði leiða til að koma í veg fyrir frekara tjón sem kunna að geta orðið við flóð síðar. Þá er óskað eftir aðstoð sveitarfélagsins við lagfæringu á vegarkafli sem eyðilagðist í flóðinu. Sveitarfélagið kemur ekki að viðhaldi eða endurbótum á einkavegum en sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands hvort þörf sé á því að framkvæma hættumat vegna flóðsins, sbr. 1. tl 1. mgr. 3. gr. laga nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands.

11. Atvinnumálastefna, minnisblað og skipun í starfshóp.

Lagt er fram að nýju minnisblað frá Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa Uppsveita, varðandi atvinnumálastefnu þriggja sveitarfélaga í Uppsveitum Árnessýslu, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp. Frá því að minnisblaðið var sent hefur Skeiða- og Gnúpverjahreppur bæst í hópinn. Í minnisblaðinu koma fram áform um stofnun vinnuhóps um atvinnumálastefnuna sem hvert af þáttökusveitarfélögunum tilnefni tvo fulltrúa í.

Sveitarstjórn tilnefnir Önnu Katarzyna Wozniczka og Önnu Maríu Daníelsdóttur sem fulltrúa í vinnuhóp um atvinnumálastefnu.

12. Ársreikningur og starfsskýrsla Hjálparsveitarinnar Tintron 2021.

Lögð fram til kynningar ársreikningur og starfsskýrsla Hjálparsveitarinnar Tintron fyrir árið 2021.

13. Vindorkuvettvangsferð til Danmerkur.

Lagt fram til kynningar.

14. Ráðstefna – Samtaka um hringrásarhagkerfið – réttur farvegur til framtíðar.

Lagt fram til kynningar og ákveðið að gefa kjörnum fulltrúum ásamt fulltrúum starfshóps um hringrásarhagkerfið kost á að sækja ráðstefnuna fyrir hönd sveitarfélagsins.

15. Stefnumótunardagur Samorku.

Lagt fram til kynningar.

16. Orkídea – kynning á starfsemi.

Á fundinn komu fulltrúar frá Orkídeu, Sveinn Aðalsteinsson og Helga Gunnlaugsdóttir og kynntu starfsemi verkefnisins.

17. Önnur mál

a) Fundartími sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fundir sveitarstjórnar þann 5. október, 19. október og 2. nóvember hefjist klukkan 13:00 í stað 9:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 12:10





Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímapantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Af félagsstarfi í Kvenfélagi Grímsneshrepps




Þann 14. september héldu kvenfélagskonur haustfundinn sinn í Félagsheimilinu Borg. Fundurinn hófst í blíðviðri í yndisskóginum á Borg þar sem Kvenfélagið hefur fengið úthlutað reit að planta í. Þar tóku kvenfélagskonur á móti plöntum frá Skógræktarfélagi Grímsneshrepps í tilefni af 100 ár afmæli Kvenfélagsins 2019. Um leið afhentu kvenfélagskonur og Skógræktarfélagið félögum úr Lionsklúbbnum Skjaldbreið plöntur í tilefni af 40 ára afmæli þeirra í maí síðast liðnum. Það er trú okkar og von að yndisskógurinn vaxi og dafni líkt og félagið okkar, en síðan í vor hafa átta nýjar konur gengið í Kvenfélag Grímsneshrepps. Á haustfundi var farið yfir framkvæmd Grímsævintýra og ágóða af tómbólunni ráðstafað. Aldrei hafa verið fleiri vinningar eða fleiri tómbólumiðar selts og því safnaðist meira fé en nokkru sinni. Við erum ákaflega þakklátar öllum þeim er studdu okkur með vinningum og þeim sem keyptu tómbólumiða og studdu gott málefni. Ákveðið var að styrkja Sjóðinn góða í Árnessýslu um 300.000 kr. og Krabbameinsfélag Árnesinga um 750.000 kr. Félagar úr Krabbameinsfélagi Árnessýslu komu á fundinn, kynntu frábært starf félagsins og tóku á móti styrknum.

Framundan hjá okkur eru skemmtilegir tímar, fjölskylduskemmtun í lok október, jólabingó í nóvember og okkar árlegi jólafundur.

Með kvenfélagskveðju, Ragna Björnsdóttir.









Halloween

Grímuball verður haldið í
Félagsheimilinu Borg
föstudaginn 28. október n.k.
kl.17:00 - 19:00

Glens og gaman og eitthvað að maula

Föstudaginn	Klukkan
28. OKTÓBER	17:00 - 19:00



Foreldrar vinsamlegast fylgið börnum ykkar
og mætið endilega líka í búningum
Frír aðgangur.

Umsjón Kvenfélag Grímsneshrepps,
styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi

Allir velkomnir :)







Samkoma eldri borgara á Sólheimum

Eldri borgarar í Grímsnes- og Grafningshreppi ætla að hittast í Vigdísarhúsi á Sólheimum
mánudaginn 24. október kl. 14:00.

Dagskrá:

- Iðja Marsibil Jónsdóttir nýr sveitarstjóri kynnir sig
- Kynning á samráðshópi um málefni eldri borgara
- Smá kynning á heilsueflandi samfélagi
- Umræður um starf eldri borgarar
- Almennt spjall og gleði

Kaffveitingar

Vonumst til að sjá sem flesta

Vigdísarhús stendur við hringtorgið þegar komið er inn á Sólheima og gengið inn hægra megin við húsið.



Boðið verði upp á bólusetningu gegn
inflúensunni fyrir eldri borgara í
anddyri Félagsheimilisins Borg fimmtudaginn
6. Október kl. 11.15



Kerhólsskóli sækir um fimmta Grænfánann



Nú er komið að því að Kerhólsskóli sækir um sinn fimmta **Grænfána**, en **Grænfáninn** er veittur skólum sem vinna markvisst að menntun til sjálfbærni. Í september skrifuðu nemendur í leik- og grunnskóladeild Kerhólsskóla undir umhverfissáttmála skólans. Umhverfissáttmálinn var fyrst samþykktur af nemendum skólans árið 2011 og er endurskoðaður á tveggja ára fresti við lok hvers Grænfánatímabils. Allir nemendur skreyttu sitt laufblað og hengdu á tré sem umvefur jörðina, og skrifuðu þannig undir sáttmálann. Umhverfissáttmálinn er síðasti liðurinn af **skrefunum 7** sem stigin eru í átt að umsókn um Grænfána.

Fyrir hönd Grænfánanefndar
Rebekka Lind Guðmundsdóttir, verkefnastjóri



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.




Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Fréttabréf 1.-2. bekkjar

október 2022



Nú er veturinn farinn af stað hjá okkur í 1. og 2. bekk. Við höfum kynnst hvert öðru vel og brallað margt saman. Okkur langar að senda bréf til ykkar svo þið getið séð allt sem við höfum gert.

Hvað höfum við gert?

- Föndrað
- Kubbað Legó
- Lesið bækur
- Leinað
- Fjöruferð
- Lært stafina Aa, Áá, Rr, Í í.
- Lært um tilfinningar
- Unnið með Blæ

**Það sem okkur finnst
gaman að gera!**

- Okkur finnst skemmtilegast að föndra, skrifa, lesa og leika okkur saman.



Áhersla er lögð á!

Það sem við leggjum áherslu á í skólanum, er að fara eftir fyrirætlum, þva hendur fyrir mat, vera vinir og hafa gaman saman.

Takk fyrir okkur

Halldór, Kristín, Sigríður,
Magnús, Páll, Richlove,
Þórarinn Áki, Ester og Veiga

Myndir frá starfinu okkar

október 2022



Myndir frá starfinu okkar



Myndir frá starfinu okkar



Lýðheilsu og tómstundastyrkur

Sveitarstjórn hefur samþykkt að hækka lýðheilsu- og tómstundastyrk í 50.000 krónur á einstakling. Hækkunin tekur þegar gildi og er fyrir allt árið 2022.

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldi/forráðamanni barna á aldrinum 5 – 18 ára og eldri borgurum 67 ára og eldri styrk til að stunda íþrótt-, tómstunda- og menningarstarf.

Meginreglan er sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 6 vikur samfelld. Hægt er að ráðstafa styrk til styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi.


Ungmennni í framhaldsskóla geta nýtt sér styrkinn til kaupa á áðskortum í líkamsrækt.

Allar upplýsingar um lýðheilsu og tómstundastyrkinn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. gogg.is

Hægt er að sækja um styrkinn á heimasíðu eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

Lýðheilsu- og tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.





Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum
15 – 20 ára styrk til framhaldsskólanáms.

Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfestingu á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið gogg@gogg.is
- Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára.
Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.

Smiðjudagar í Reykholtsskóla

Grunnskólarnir í Uppsveitum, Kerhólsskóli á Borg, Reykholtsskóli, Bláskógaskóli Laugarvatni og Flúðaskóli, standa í sameiningu að hluta þess valgreinanáms sem nemendum á unglingastigi skólanna stendur til boða. Þrisvar á ári eru haldnir *smiðjudagar* sem eru tveir langir samliggjandi skóladagar þar sem unglingarnir leggja stund á nám sem tengist áhugasviði hvers og eins. Með því að sameinast um þennan þátt námsins tekst þessum fámennu skólum að bjóða upp á fjölbreyttara úrval valgreina en þeim væri annars mögulegt að gera. Inn á milli námslotanna er ungmennunum gefið rými til þess að blanda geði við aðra krakka og kynnast jafnöldrum úr nágrannaskólunum í gegnum annars konar samskipti en bara þau sem verða til í gegnum samveru í kennslustundum. Félagsmiðstöðvarnar taka jafnframt þátt í verkefninu.

Skólarnir í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð hafa um nokkurra ára skeið átt í samstarfi um smiðjurnar. Flúðaskóli var nú með í fyrsta sinn. Í Flúðaskóla ganga unglingar úr Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þaðan kemur álíka stór hópur og úr hinum skólunum til samans. Þegar fyrsta smiðja skólaársins var haldin í Reykholtsskóla á dögunum var framboð námsgreinanna fjölbreyttara en nokkru sinni. Börnin völdu á milli 9 smiðja sem allar falla í flokka listgreina, verkgreina eða lífsfyllingar (eins og það heitir í Aðalnámskrá grunnskóla). Í þetta sinn hétu smiðjurnar: Leiklist, Samspil í hljómsveit, Flugdrekkagerð (myndlist og vísindi), Tálgað í tré, Hnýtingar (Macrame knots), Boltasmiðja (körfubolti, knattspyrna og skák), Crossfitsmiðja (crossfit, stökkfímleikar og skák), Rafíþróttir og Matreiðsla.

Auk námsins í smiðjunum fengu börnin fræðslu um hinseginleikann á vegum Samtakanna 78.

Nemendur og starfsfólk Uppsveitaskólanna létu vel af því hvernig til tókst og ánægjan skein úr hverju andliti eins og meðfylgjandi myndir bera vitni um. Næstu samstarfsverkefni skólanna fjögurra eru menningarferð til höfuðborgarinnar í nóvember sem einnig verður nýtt til náms- og starfskynninga og smiðjudagar á Borg í febrúar og að Laugarvatni í maí.

Karl Hallgrímsson

Smiðjudagar í Reykholtsskóla



Smiðjudagar í Reykholtsskóla





Sálræn fyrsta hjálp

Mánudaginn 14. nóvember ætlum við að halda námskeið fyrir íbúa sveitarfélagsins sem ber heitið Sálræn fyrsta hjálp. Hvað er sálræn fyrsta hjálp?

Sálræn fyrst hjálp (SFH) er aðferð til að styðja við fólk í uppnámi og þannig aðstoða það við að ná ró og stjórn á aðstæðum. Að læra SFH getur hjálpað þér að vera til staðar og bregðast við þegar fólk þarf á stuðningi að halda.

Sálræn fyrsta hjálp er tilfinningalegur og hagnýtur stuðningur þar sem virkri hlustun er beitt og nærgætni.

SFH er hvorki ráðgjöf né meðferð. Sálræn fyrsta hjálp getur gagnast þeim sem eru í uppnámi til að takast á við eðlilegar tilfinningar í aðstæðunum, stuðlað að heilbrigðum bjargráðum auk þess að stuðla að öryggi og von.

Hverjir geta veitt sálræna fyrstu hjálp og hvaða hæfni þarf til þess?

Öll þau sem hafa rétta þjálfun, hæfni og stuðning geta veitt SFH. Mörg okkar búa yfir kostum til að vera til staðar fyrir aðra með því að vera góðir hlustendur og geta aðstoðað án þess að dæma.

Námskeiðið hefst klukkan 20:00 í Félagsheimilinu Borg.

Til að skrá sig á námskeiðið skal fara inn á eftirfarandi slóð og fylla þar út skráningarformið sem þar er.

www.tintron.is/skraning/

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Félagar Hjálparsveitarinnar Tintron



Kynfræðsla fyrir foreldra nemenda í 5.-10. bekk

Indíana Rós kynfræðingur verður með kynfræðslu fyrir foreldra nemenda í 5.-10. bekk í framhaldi af fræðslu nemenda á skólatíma sama dag í boði foreldrafélags Kerhólsskóla.



Haldið mánudaginn 24. október í Félagsheimilinu á Borg

Kl. 17:00-18:30 fyrir foreldra 8.-10. bekkjar

Kl. 19:00-20:30 fyrir foreldra 5.-7. bekkjar

Frá Indíönu Rós:

„Foreldrar eru órjúfanlegur partur af samtalinu sem varðar kynfræðslu. Farið er yfir umfangsefni fræðslunnar sem nemendur fá, hvernig eigi að svara erfiðum spurningum um kynlíf, hvernig byrjum við samtalið heima og hvernig aukum við traust svo börnin leita til okkar.“



Ungmennafélagið Hvöt



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
14:15-15:15				Karfa eldri - Florijan
14:30-15:30		Frjálsar - Katla Björg		
15:00-15:45	Fótbolti eldri - Gústi			Karfa yngri - Florijan
15:45-16:30	Fótbolti yngri - Gústi			
16:30-17:30	Blak - fullorðnir		Blak - fullorðnir - GÁsa	
19:30-21:00	Körfubolti - fullorð	Fótbolti - fullorðnir		Körfubolti - fullorðnir

Birt með fyrirvara

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2022

24. mars	Aðalfundur
20. apríl	Árfsfundur SSK
2. maí	Verganga í myndishágl á Borg
14. maí	Kösningskaffi
24. maí	Vorfundur
2. júní	Verganga og fjögurðar í Hórkinn
10.-12. júní	Sumarþing NKR
16. júní	Heldrúborgarferð
17. júní	Fjallkonan
18. júní	Undirbúnings fyrir Grímsævíntýri
3. 5. ágúst	Vinnudagur fyrir Grímsævíntýri
6. ágúst	Grímsævíntýri
7. sept.	Houstrfundur/Gróðursetning
28. okt.	Grímuball
Nóv.	Jólabingó
23. nóv.	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar í október:

Mánudaga – 15:00 til 17:00

Þriðjudaga – 15:00 til 16:30

Miðvikudaga – 10:00 til 12:00 og 16:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Miðvikudaginn 5. okt. frá 19:30 til 22:00 -

Handverkskvöld

Fimmtudaginn 20. okt. frá 19:30 til 21:30

Fimmtudaginn 27. okt. frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlánsþing glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.



Handverkskvöld
5. október kl. 19:30 - 22:00

á Bókasafni Grímsnes og Grafningshrepps.
Endilega kíkið og hafið með ykkur handverk.
Öll velkomin.

Atvinnumálalæping Uppsveitanna Félagsheimilinu Flúðum 6. október 2022

Hafin er vinna við atvinnumálalæstefnu uppsveitanna fjögurra.

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur,

Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að

þeirri vinnu í samstarfi við sviðsstjóra þróunarsviðs SASS.

Atvinnumálalæping verður haldið á Flúðum

fimmtudaginn 6. október kl. 16:00 í félagsheimilinu.

Það markar upphaf þess sem á eftir kemur í stefnumótunarvinnunni.

Þar verða flutt áhugaverð erindi sem varpa ljósi á stöðu mála í atvinnulífi uppsveitanna í dag annars vegar og hins vegar horft opnum augum til möguleika framtíðar.

Þetta er opinn fundur, allir velkomnir og eru íbúar hvattir til þess að taka þátt.



Opnunartími Völu og Grænu könnunnar í

Opið alla daga frá 11 til 16
Mötuneyti opið frá 11:30 til 13:30



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319



ULLARVIKAN

South Iceland 2022

WOOL WEEK

2. - 9. október

DAGSKRÁ ULLARVIKUNNAR 2022

Laugardagur 1. október

13:00-16:00 | Hella: Dagur Sauðkindarinnar

Sunnudagur 2. október

14:00-16:00 | Árbæjarhjáleiga: LITASÝNING
Fjárræktarfélagið „Litur“

Mánudagur 3. október

11:00-15:00 | Uppspuni: Tröllabandsprjón
hægt að koma og læra að prjóna sessur úr
tröllabandi með tröllapryjónum.

Þriðjudagur 4. október

11:00-15:00 | Uppspuni: Litunardagur
handlitun í potti til sýnis.

Miðvikudagur 5. október

15:00-18:00 | Uppspuni: Víkingastemming
víkingar sýna handverk og bjóða uppá ketilkaffi.

Fimmtudagur 6. október

14:00 | Fél. Pingborg: Prjónakaffihús, opnun á
sýningunni: „Sýnishornið“.

19:30-20:30 | Fél. Pingborg: Fyrirlestur um
peysuprjón - Guðrún Hildur Rosenkjær (Annríki)
20:30-22:00 | Fél. Pingborg: Prjóna og spunakvöld

Föstudagur 7. október

10:00-17:00 | Fél. Pingborg: Prjónakaffihús
11:00-15:00 | Uppspuni: Opið hús í verksmiðjunni
12:00-18:00 | Vinnustofur opnar hjá níu
Spunasysturum (sjá ★ á korti fyrir staðsetningar)
opið til 21.00 á ★ Pykkvabæjarklaustri.
19:30-22:00 | Hespa: Prjóna- og spunakvöld
velkomið að mæta með vín.

Laugardagur 8. október

10:00-17:00 | Fél. Pingborg: Prjónakaffihús
12:00-18:00 | Vinnustofur opnar hjá níu
Spunasysturum (sjá ★ á korti)
11:00-15:00 | Uppspuni: Rúningur & opið fjárhús
hægt að velja reyfi til þess að láta spinna band
16:00-18:00 | Hespa: Opinn fyrirlestur & kynningu
á „Indigó -blái liturinn“.

Sunnudagur 9. október

10:00-17:00 | Fél. Pingborg: Markaður,
Prjónakaffihús, matarvagnar.

www.ullarvikan.is



ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐIN BORG

Vetrar-Opnunartími

Frá 21. ágúst

FRÁ 21. ÁGÚST 2022

MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

14:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LOKAÐ

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPJA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUN

NETFANG: SUNDLAUG@GOGG.IS
SÍMI 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórlleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is